

Búðahreppur  
Hafnargötu 12  
750 Fáskrúðsfjörður

Umhverfisstofnun  
Ab. OP  
**07 MARS 2003**  
Tilv. UST20030300056

**U S T**

Umhverfisstofnun

Jafnaðarfélag Íslendinga, Þinghús, Reykjavík, 1000 Iceland

Umhverfisstofnun  
Jafnaðarfélag Íslendinga, Þinghús, Reykjavík, 1000 Iceland

Umhverfisstofnun  
Jafnaðarfélag Íslendinga, Þinghús, Reykjavík, 1000 Iceland

6. mars 2003

Tilvísun: UST20030300056/óá

### Efni: Aðalskipulag Búðahrepps 2002-2022.

Vísað er til auglýsingar í Lögbirtingarblaði, dags. 22. janúar sl., þar sem auglýst er tillaga að aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022. Einnig er vísað til 33. gr. laga nr. 44/1999 þar sem fram kemur að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við skipulagstillöguna:

#### Efnistaka

Í umfjöllun um reglur um efnistöku kemur fram að efnistaka sé háð samþykki sveitarstjórnar. Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka er háð framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar skv. skipulags og byggingarlögum nr. 73/1993. Telur stofnunin eðlilegt að vísað sé til þess í reglum sveitarfélagsins um efnistöku.

#### Náttúruverndarsvæði

1. Í umfjöllun um náttúruverndarsvæði er vísað í bréf Náttúruverndar ríkisins frá 11. desember 2000. Þar segir: „Í bréfi Náttúruverndar ríkisins 11. des. 2000, fylgiskjal<sup>1</sup> kemur fram að Búðahreppur hefur ekki lýst áhuga á formlegri friðlýsingu neinna svæða innan sveitarfélagsins“ (bls. 24).

Það er álit Umhverfisstofnunar, sem tók m.a. við hlutverki Náttúruverndar ríkisins í ársbyrjun 2003, að í aðalskipulagi sveitarfélagsins sé næpast þörf á að vísa í ofangreint bréf. Eðlilegra sé að greina hér frá stefnu sveitarfélagsins sjálfs í þessum málaflokki. Það er því tillaga Umhverfisstofnunar að textanum verði breytt og frá því skýrt hvort:

- einhverjar friðlýstar náttúruminjar eða önnur svæði á náttúruminjaskrá séu innan sveitarfélagsins; og
- b) hvort áform séu uppi um að friðlýsa svæði innan hreppsins á skipulagstímabilinu

án þess að vísa til ofangreinds bréfs. Það er ekki Náttúruverndar ríkisins, nú Umhverfisstofnunar, að marka stefnu sveitarfélagsins í aðalskipulagi.

2. Í umfjöllun um jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd kveður við sama streng. Í stað sjálfstæðrar umfjöllunar sveitarfélagsins um ofangreind svæði er vísað í bréf Náttúruverndar ríkisins, dags. 12. desember 2002.

Eins og fram kom í því bréfi er mikilvægt að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir öllum þeim jarðmyndunum sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd og kann að vera raskað á skipulagstímabilinu. Ef svo er gert, og Umhverfisstofnun gefur umsögn sína skv. 33. gr. laga nr. 44/1999, þarf ekki að leita frekari umsagnar hjá stofnuninni varðandi umræddar jarðmyndanir og vistkerfi.

Í aðalskipulagi Búðahrepss er ekki gerð grein fyrir þessum jarðmyndunum og vistkerfum í umfjöllun um verndarsvæði. Því er nauðsynlegt að leggja á það áherslu í greinargerð með aðalskipulagi, svo sem gert er, að umsagnar Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnda skuli leitað í öllum tilvikum áður en framkvæmda- og byggingaleyfi er veitt þar sem umræddar jarðmyndanir og vistkerfi gætu raskast. Ef engar slíkar jarðmyndanir eða vistkerfi eru á skipulagssvæðinu skal taka það sérstaklega fram.

Vakin er athygli á því að sjávarfitjar fyrir botni Fáskrúðsfjarðar falla undir þessa lagagrein, og eru auk þess á votlendisskrá Landverndar. Eins og fram kemur í greinargerð með aðalskipulagi er þjóðvegur um leirurnar austan flugvallar matsskyld framkvæmd, og uppfylling í botni Fáskrúðsfjarðar tilkynningaskyld. Þó Umhverfisstofnun leggist ekki gegn þessum framkvæmdum í umsögn um aðalskipulag gerir stofnunin fyrirvara um þessar framkvæmdir og áskilur sér rétt til að koma á framfæri athugasemduum við umfjöllun um matsskyldu og mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmda.

Virðingarfyllst,

  
Héldi Jónsson  
Forstöðumaður framkvæmda og eftirlitssvið

  
Ólafur Árnason  
Sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun